



Skýrsla stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja fyrir starfsárið 2019

Ég býð ykkur velkomin til áttunda ársfundar sjálfseignarstofnunarinnar Þekkingarseturs Suðurnesja sem er haldinn nú í dag 28. maí 2020. Hér verður gerð grein fyrir starfsemi ársins 2019.

Þó nokkuð var um breytingar í stjórn Þekkingasetursins þetta árið, en bæði aðal- og varafulltrúi Keilis létu af störfum, þeir Daniel Coaten og Hjálmar Árnason. Í staðinn kom Jóhann Friðrik Friðriksson framkvæmdarstjóri Keilis inn sem aðalmaður og varamaður hans er Sigrún Svafa Ólafsdóttir, verkefnastjóri hjá Keili. Jóna Rut Jónsdóttir lét einnig af störfum en hún var skipuð af Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, í stað hennar kom Guðmundur Grétar Karlsson inn sem aðalmaður. Stjórn Þekkingarseturs Suðurnesja var því þannig skipuð árið 2019:

- Fríða Stefánsdóttir er fulltrúi Suðurnesjabæjar og stjórnarformaður
- Guðmundur Grétar Karlsson skipaður af Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum
- Halldór Pálmar Halldórsson er fulltrúi Rannsóknarseturs HÍ á Suðurnesjum
- Jóhann Friðrik Friðriksson er fulltrúi Keilis
- Björk Guðjónsdóttir er skipuð af Náttúrustofu Suðvesturlands

Varamenn í stjórn eru eftirfarandi:

- Ólafur Þór Ólafsson
- Þorvaldur Örn Árnason
- Rögnvaldur Ólafsson
- Sigrún Svafa Ólafsdóttir
- Sindri Gíslason

Forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja er Hanna María Kristjánsdóttir og ætlar hún, hér á eftir, að fara yfir starfsemi Þekkingasetursins í ár. 20.

Stjórnin fundaði fimm sinnum á starfsárinu.

Þekkingarsetur Suðurnesja er með samstarfssaming við Mennta- og menningarmálaráðuneytið sem var í gildi út árið 2019. Samningur hefur verið framlengdur út 2020.

Setrið vinnur samkvæmt stefnu sem var samþykkt af stjórn í september 2014 og endurskoðuð í fyrra. Í henni er fjallað um gildi, leiðarljós, hlutverk og markmið setursins. Gildin eru rannsóknir, fræðsla og fagmennska og hvílir grunnur starfseminnar á þeim. Leiðarljósið sem vísar veginn er að þekkingarsetrið sé miðstöð rannsóknastarfs og rannsakenda á sviði náttúrufræða og tengdra greina á Suðurnesjum. Hlutverk setursins er að stuðla að eflingu rannsókna, bjóða upp á fyrirmyndaraðstöðu til rannsókna og stuðla að fjölbreytni í atvinnulífi. Markmiðin snúa að rannsóknum og þróun, háskólanámi og samþættingu þekkingarstarfs, símenntun og samstarfi við aðrar menntastofnanir á Suðurnesjum. Stjórn þekkingasetursins fór yfir stefnu þekkingasetursins á þessu ári og endurbætti stefnuna sem lá fyrir frá árinu 2014.

Rannsóknir og þróun

Náttúrustofa Suðvesturlands og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum eru stoðstofnanir þekkingasetursins og sjá að miklu leyti um rannsóknarhluta þess. Mikið samstarf er auk þess á milli stofnananna. Áherslusviðin voru sem fyrr fuglafræði, sjávarlíffræði og eiturefnavistfræði.

Í þekkingasetrinu eru þrjár sýningar.

Hin glæsilega sýning *Heimskautin heilla* sem tekin var í gegn á starfsárinu, skjávarpar, hljóð og önnur tæki tengd sýningunni voru endurnýjuð og greiddi Suðurnesjabær kostnað við þá framkvæmd. Sýningin sem fjallar um ævi og starf franska vísindamannsins Jean-Baptiste Charcot hefur nú staðið í rúman áratug. Sýningin er samstarfsverkefni Suðurnesjabæjar, Háskóla Íslands, þekkingaseturs Suðurnesja og fjölskyldu Charcot.

Auk sýningarinnar um Charcot er ýmislegt annað forvitnilegt að sjá hér í þekkingasetrinu. Þar má nefna spennandi náttúrugripasýningu þar sem eru lifandi sjávardýr og rannsóknaraðstaða fyrir börn sem býður upp á spennandi kosti fyrir skólahópa. Sýningin "Huldir heimar hafsins - ljós þangálfanna" eftir Katrínu Þorvaldsdóttur og Eydísi Mary Jónsdóttur og samstarfsfólk þeirra er á neðri hæð setursins.

Þekkingasetrið tók þátt í Geopark viku, Safnahelgi á Suðurnesjum og Sandgerðisdögum með ókeypis aðgangi að sýningum. Margir gestir heimsækja sýningarnar á þessum dögum á hverju ári og var árið í fyrra engin undantekning. Í ár dvaldi líka alþjóðlegur hópur meistaranema í tónlist hér í þekkingasetrinu.

Starfsmannahald, fjármál og styrkir

Í dag starfa 3 starfsmenn í þekkingasetri Suðurnesja í 2,5 stöðugildum auk tveggja sumarstarfsmanna.

Árið 2019 fékk þekkingasetrið styrk frá Uppbyggingasjóði Suðurnesja uppá 2 milljónir, í verkefnið *Hvert fara kjóarnir*. Fræðsluerindi um verkefnið var haldið 23. október í samstarfi við MSS og Fuglavernd. Þekkingasetrið fékk einnig hálfa milljón í styrk frá samfélagssjóði Isavia til innleiðingar samfélagsvísinda í þekkingasetrinu. Þekkingasetrið sér svo um starfsgreinakynningu fyrir grunnskólanemendur sem haldin er ár hvert af Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Stjórn Þekkingarsetursins samþykkti rekstraráætlun fyrir árið 2020 á fundi sínum í nóvember 2019. Áætlaðar tekjur ársins voru um 40,6 milljónir króna og útgjöld um 2,5 hálfri milljón króna hærrí. Tæplega helmingur teknanna kemur frá ríkissjóði eða um 19 milljónir króna. Suðurnesjabær kemur svo til móts við Þekkingasetrið varðandi viðhald húsnæðis og rekstur sýninga. Aðrar tekjur koma frá styrkjum, aðgangseyri og öðrum útseldum verkefnum. Ljóst var því að framlag ríkis- og sveitarfélaga til setursins var ekki nægilegt til að reksturinn stæði undir sér eftir miklar launahækkningar síðustu ára, og ekkert má út af bregða varðandi leigutekjur og styrki sem erfitt er að áætla.

Þær gleðifréttir bárust svo til okkar frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu að viðbótarfjárveiting til Þekkingasetursins fyrir árið 2019 var 3,9 milljónir og viðmið þeirra til fjárveitinga því orðið 22 milljónir. Framlag ríkisins til setursins í ár verður það sama, 22 milljónir.

Lokaorð

Hér í Þekkingarsetrinu fer fram gríðarlega mikilvæg og öflug vísindastarfsemi á heimsmælikvarða og samfélagsleg ábyrgð okkar allra er að tryggja að þessi starfsemi geti haldið áfram að vaxa og dafna.

Ég vil þakka samstarfsfólki mínu í stjórn og Hönnu Maríu Kristjánsdóttur forstöðumanni ánægjulegt samstarf.

Fríða Stefánsdóttir
Stjórnarformaður